

Mætt voru;

Arndís Harpa Einarsdóttir skólastjóri

Guðrún Thorsteinsson fulltr. kennara

Ingibjörg Ársælsdóttir fulltr. starfsm.

Sveinn Rúnar Jónsson fulltr. foreldra

Málfríður Garðarsdóttir fulltr. foreldra

1. Í upphafi fundar var skilaboðum komið á framfæri um að vinna við skólabyggingu á Stokkseyri væri hafin. Áætluð verklok 20. Júlí. Hugmynd kom fram um að hafa þar opið hús á leikjadag en að athuga þyrfti um öryggi nemenda vegna ófrágenginna glugga í einni kennslustofunni.
2. Starfsmannamál – skólastjóri sagði þau mál í góðum farvegi og málin að komast á hreint.
3. Kennsla næsta vetur - Skólastjóri sagði að sérkennslutímum hefði fækkað vegna niðurskurðar og til að mæta því yrði samkennsla hjá 8. og 9. Bekk næsta ár. Um væri að ræða nokkurs konar brautarkerfi og einstaklingskennslu er tæki mið af getu hvers og eins. Með þessu fyrirkomulagi er ætlað að draga úr áhrifum minnkandi sérkennslu og um leið að auka möguleika nemenda. Áætlað er að senda kynningarbréf til foreldra og kynna fyrirkomulagið. Þessu til viðbótar sagði skólastjóri frá því að bókasafnið á Eyrarbakka flytti í Norðurkot og þess í stað kæmi sérkennslustofa.

Næsta vetur verður 6.bekk kennt Stokkseyrarmegin og vill skólaráð leggja áherslu á að ýtt verði undir samstarf milli kennara í 6. og 7.bekk og reynt að brúa bilið milli nemenda. Þar sem nú líða 2 ár á milli þess sem nemendur þessara bekkja ná saman.

Áhrif skerðingar rætt

Spurt var um möguleika á samstarfi við atvinnuleysistryggingasjóð til þess að bæta starfsmönnum skerðingu á starfshlutfalli. Þá sagði skólastjóri frá hugsanlegri samvinnu við Rauða Krossinn um afmörkuð verkefni en í því efni hefur enn ekkert verið ákveðið.

Ályktun skólaráðs – Það á ekki að spara í neinu er snýr að nemendum sem eiga við erfiðleika að stríða og stöðugt vaxandi þörf kallar á frekari úrræði. Vegna þessa og vegna þess árangurs sem náðst hefur í starfi þroskajálfara nú í vetur, er ljóst að full þörf er fyrir þroskajálfa í fullt starf við skólann.

4. Vordagur - Stjórnendur munu senda töskupóst með nemendum með nánari upplýsingum um vordaginn. Skipulag liggur fyrir og í samvinnu við foreldra- leikir, grill, opin sundlaug og fl.
5. Önnur mál – Samskipti milli heimilis og skóla - nauðsynlegt að upplýsingaflæði af starfi skólans berist til foreldra t.d. af fjarvistum eða veikindum kennara og þá hvernig forfallakennslu verði háttað sé um langan tíma að ræða. Ákveðið að setja leiðbeiningar í handbók skólans. Staða forfallakennara rædd, nauðsyn þess að hann hafi námsefni, viði að sér verkefnum og fái stuðning og upplýsingar frá skólanum til þess að nýtast nemendum sem best.

Fundarmönnum þakkað samstarfið í vetur og ákveðið að hafa fund á starfsdögum í ágúst.

Fundi slitið kl. 15.00.